

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar í Reykjanesbæ.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 2. mars 2021 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Leirdals 22-24.

Breytingin felur í sér að í stað 4 tveggja hæða raðhúsa komi 4 einnar hæðar raðhús á hvora lóð. Byggingarreitir verði stækkaðir úr 30 x 10 m í 35 x 12 m og nýtingarhlutfall verði 0,33, samkvæmt uppdrætti KRark ehf. dags. 20. september 2019.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 16. febrúar 2021 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Leirdals 7-13.

Breytingin felur í sér að byggingarreit á lóð 7-13 er skipt upp í tvær lóðir og er gert ráð fyrir tveimur tveggja hæða tvíbýlishúsum á hvorri lóð, með samtals 8 íbúðum. Hámarksheildarbyggingarmagn innan deiliskipulagsmarka helst óbreytt. Bílastæðafjöldi á lóð helst óbreyttur, samkvæmt uppdrætti JeEs arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2021.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 18. maí 2021 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Aðalgötu 17.

Breytingin felur í sér heimild til byggja gesta- og geymsluhúsnæði á lóðinni, ásamt því að fá að nýta hluta lóðar Kirkjuvegs 11 sem liggur að lóð Aðalgötu 17 samkvæmt erindi dags. 15. febrúar 2021.

Málsmeðferð var skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast skipulagið þegar gildi.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 5. janúar 2021 samþykkt breytingu á deiliskipulagi kirkjugarðs í Njarðvík.

Breytingin felur í sér stækkun kirkjugarðsins, nýtt þjónustuhús og stækkun safnaðarheimilis.

Afmörkun deiliskipulagsins er breytt m.t.t. minjaskráningar. Deiliskipulagssvæðið er stækkað þannig að safnaðarheimili við Njarðvíkurbraut 36 falli innan deiliskipulagsins. Safnaðarheimilið er með aðkomu frá Thorkelligötu eins og kirkjan og kirkjugarðurinn.

Deiliskipulagið er stækkað þannig að stígakerfi milli kirkjugarðs og fjöru er allt innan deiliskipulagsins, m.a. ný stígatenging frá Njarðvíkurbraut að strönd.

Gert er ráð fyrir nýju starfsmanna- og þjónustuhúsi í kirkjugarðinum samkvæmt uppdrætti Landslags ehf. dags. 12. október 2020.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 20. apríl 2021 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Bogatraðar 10-14.

Breyting á deiliskipulagi Tæknivalla er fyrir reit sem afmarkast af lóðunum Bogatröð 10, 12 og 14. Breytingin felur í sér að lóðir eru sameinaðar, nýtingarhlutfall lóða verði allt að 0,85 í stað 0,3 og þakhæð breytist úr að hámarki 7 m í 10 m samkvæmt uppdrætti Glóru ehf. dags. 5. febrúar 2021.

Málsmeðferð var skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast skipulagið þegar gildi.

Reykjanesbæ, 2. júní 2021.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.